

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna fjölgunar borhola í gufuaflsvirkjun í Króki, Folldahálsi.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. júlí 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Í breytingunni felst fjölgun borhola innan iðnaðarsvæðis I2 á Folldahálsi úr þremur í sex. Stærð svæðis og vinnslugeta virkjunar haldast óbreytt.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. júlí 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júlí 2024